

Leitarvélur

(Unnið eftir Google leiðbeiningum (<http://www.google.com/support/websearch/bin/answer.py?hl=en&answer=136861>))

Það eru til margar leitarvélur en hér verður fyrst og fremst unnið með Google.

Þegar leitað er á Google eru nokkur atriði sem þarf að hafa í huga.

Nákvæmari leit – betri árangur.

Til að leitin skili sem bestum árangri er gott að nota leitaráðferð sem kölluð er Boolean leit. Í Boolean leit eru notuð orð eða tákni sem víkka eða þrengja leitarviðið.

➤ Boolean leit (OR, AND, NOT)

Þegar á að þrengja eða víkka leit og gera hana mjög nákvæma er hægt að nota orðin OR, AND, NOT. Ef slegið er inn Íslandsmeistarar í handbolta 2008 OR 2009 koma aðeins síður um Íslandsmeistara annaðhvort 2008 eða 2009. Ef ekkert OR er sett inn koma síður sem innihalda efni um bæði þessi ár á sömu síðu. Sama máli gegnir um AND og NOT.

➤ Gæsalappir ("")

Með gæsalöppum er leitarvélinni gefin sú skipun að leita nákvæmlega eftir þessum orðum í þessari röð. Ef leitað er að efni um „Alexander Bell“ koma ekki upp síður um Alexander G. Bell. Leitin þrengist því mjög.

➤ Að útiloka orð (-)

Ef sett er – merki fyrir framan orð koma ekki upp síður með því orði. Ef bandstrik er notað milli orða má ekki setja bil á milli t.d. anti-virus-software. Þá leitar Google að anti-virus en útilokar software.

➤ Fylla upp í eyður (*)

Stjarna er vanmetið tákni í leit en getur verið mjög notadryg. Ef * er bætt við leitarorðin eða í setninguna koma mjög ítarleg svör. Leitin Yoko Ono * bjó til * friðarsúluna mun sýna margs konar skrif um þetta efni.

<http://kathyschrock.net/rbs3k/boolean/#> frábær myndræn skýring á Boolean leit